

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi Austurbyggðar á Selfossi, Sveitarfélaginu Árborg.

Á fundi bæjarstjórnar Sveitarfélagsins Árborgar 16. apríl 2014 var samþykkt breyting á deiliskipulagi Austurbyggðar, Selfossi.

Breytingin nær til svæðis sem afmarkast að austan af nýjum vegi er gengur suður frá Langholti, nýjum vegi til suðurs, Suðurhólum, nýju hverfi Gráhellu til vesturs og grænu svæði sunnan Baugs-tjarnar til norðurs. Íbúðum er fjölgað um 14 íbúðir. Íbúðum í raðhúsum er fjölgað um 24 á móti kemur fækkun einbýlishúsa um 10. Heildarfjölgun íbúða er því 14 íbúðir.

Deiliskipulagbreytingin hefur hlotið meðferð skv. 41. og 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Deiliskipulagsbreytingin öðlast þegar gildi.

Selfossi, 20. júní 2014.

Bárður Guðmundsson, skipulags- og byggingarfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 26. júní 2014